

Alþingi
Erindi nr. P 132/300
komudagur 30.11.2005

á þínum vegum



Borgartúni 30, 105 Reykjavík

28. nóvember 2005

ÓHP/sj

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar 30. mál 2005/2006 Frumvarp til laga um bensín- og olíugjald

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dagsetts 10. nóvember 2005.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að bréf nefndarinnar barst. Undirritaður ákvað því að senda fulltrúum í Umferðarráði erindið til umsagnar í tölvupósti. Eftirfarandi svör bárust:

Frá fulltrúa Félags íslenskra bifreiðaeigenda, Runólfi Ólafssyni:

„Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur þegar sent umsögn til Alþingis vegna þessa máls. Þar kemur m.a. fram að FÍB fagnar nýju frumvarpi til laga um lækkun skatta á eldsneyti og heitir jafnframt á hið háa Alþingi að lækka álögur ríkisins á eldsneyti með lögum.“

Frá fulltrúa Landssambands vörubifreiðarstjóra, Knúti Halldórssyni:

„Þetta er gott mál sem við styðjum heilshugar.“

Frá fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Sigrúnu Þorsteinsdóttur:

„Slysavarnafélagið Landsbjörg fagnar því ef lækka á bensín- og olíugjald frá og með 1. nóvember til og með 31. mars 2006 um 9-10%.

Eldsneytiskostnaður skiptir björgunarsveitir félagsins miklu máli, eins og marga aðra. Félagið hefur m.a. lagt inn erindi til fjármálaráðuneytis um niðurfellingu olíugjalds til björgunarsveita til að vega upp á móti þessum mikla kostnaði sem hlýst af bensín- og olíukostnaði sveita.

Félagið ítrekar mikilvægi þess ef af lækkun bensíns- og olíugjalds verði að það verði skoðað í lok tímabilsins hvort ekki sé ástæða til að framlengja lækkunina ef heimsmarkaðsverð er áfram svipað og það er í dag.“

Frumvarp það er hér um ræðir lýtur ekki að umferðaröryggi nema með óbeinum hætti. Undirritaður telur því ekki ástæðu til að bæta neinu við það sem fram kemur í ofangreindum svörum og styður þau sjónarmið er þar koma fram.

Óli H. Þórðarson
formaður